

Fluttar kr. 268 78 **132**

- d. Útgjöld við rjettarrannsókn samkv fyrir mælum landshöfðingja í brjefi 11. apríl 1894 sem sje kostnaður sýslumanns — 42 50 kr. 311 28
2. reikningur yfir kostnað Borgarhafnarhrepps við bæjarbyggingu og heyútlát til Einars Sigurðssonar 1888 og 1889 fellur niður.
3. reikningur yfir kostnað við flutning á búslóð Einars Sigurðssonar frá Smyrlabjörgum að Einbúa við Kálfafellsstað og frá Einbúa austur á Mýrar, fellur niður.
4. reikningur. Borgun fyrir rekstur sveitfestismáls Einars Sigurðssonar fellur niður.
5. reikningur. Ýmisleg útgjöld snertandi sama mál. Af hinni hjer tilfærðu upphæð samþykkist að eins ... .. kr. 10 00
- Um reikningana 4. og 5, skal þar að auki tekið fram, að Mýrahreppur hefði jafnvel eigi orðið skyldaður til þess að endurborga Borgarhafnarhreppi kostnaðinn við rekstur málsins, þótt sýslunefndin hefði samþykkt slíka greiðslu úr hreppsjóði
- Aðalreikningur færist þannig niður í ... .. kr. 321 28
- sem Mýrahreppur á að endurborga Borgarhafnarhreppi.

### Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstávís- 133

**anir.** — Eins og þjer, herra póstmeistari, takið fram í brjefi yðar, dagsettu 27. 31. desbr. þ. m., var svo kveðið á um í brjefi mínu, dagsettu 18. septbr. 1886 (Stjtlð. 1886 B, bls. 130), að póstaftgreiðslumennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skuli taka á móti póstávísunum til Danmerkur og annara ríkja, og peningum þeim, er þær hljóða um, en jafnframt er það tekið fram, að þeir, sem peningana senda, verði að borga, auk lögbodins póstávísanagjalds, burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga frá hlutadeigandi póstaftgreiðslustað til Reykjavíkur.

Með því að nefndir póstaftgreiðslustadir iðulega þurfi að fá peninga frá póststofunni til póstþarfa, og gætu því í þess stað notað póstávísanapeninga, sem innborgast til þeirra, þá hafið þjer lagt það til, að ákvæðum nefnds brjefs míns verði breytt í þá átt, að þeir, sem póstávísanirnar senda, verði leystir undan því að borga burðargjald og ábyrgðargjald undir póstávísanapeningana til Reykjavíkur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar.

### Viðauki

#### við lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

**134**

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaup-31. desbr. staðina og samkvæmt frumvarpi sömdu af bæjarstjórn Reykjavíkur, er hlutadeigandi amtmaður hefir sent mjer, er hjer með staðfestur og gefinn út eftirfylgjandi